



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [godrunm@mvv.is](mailto:godrunm@mvv.is)

## **Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.**

### **4. fundur.**

Haldinn að Hlíðavegi 6, 4. apríl 2011, kl: 9:30.

Mættir: Kristján Stefánsson, Birgir Steingrímsson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

**1. Fundarsetning.**

Varaformaður setti fund og bauð menn velkomna.

**2. Yfirferð gagna frá skipulagshöfundi v/aðalskipulags.**

Nefndin telur að engu efnislega sé við að bæta en lagfæra þarf stafsetningu og augljósar villur.

**3. Umferðarmál.**

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að koma eftirfarandi atriðum á framfæri við Vegagerðina.

- Sett verði stór skilti við allar innkomuleiðir í Mývatnssveit, á Þjóðvegi 1 og 87, sem bjóði gesti velkomna á nokkrum tungumálum.
- Sett verði hraðahindrun á Þjóðveg 1 móts við afleggjarann á vegi númer 850. Mikill hraði er á umferð frá norðri inní Reykjahlíðarþorp en ætla má að gatnamót sunnan Bjargs og kröpp beyja á Stórugjáarhrygg virki sem hraðahindranir úr suðri. Því er minni þörf á sérstökum hraðahindrunum þar.
- Gangbraut og gangbrautarmerki móts við Hótel Reynihlíð og Mývatnsstofu.
- Gangbraut og gangbrautarmerki í Vogum móts við Björk og/eða Vogafjosið.
- Sett verði merki “bannað að stöðva og leggja ökutæki” með jöfnu millibili í Markhraun og annars staðar þar sem mikið er um blindhæðir og blindbeygjur.
- Áningarstaður í Geitabrekku verði merktur báðu megin frá
- Gangbraut og gangbrautarmerki á Skútustöðum skv nánari athugun á staðsetningu.

- Gerður verði einn áningarstaður á Þjóðvegi 1 norðan Mývatns og hann merktur.
- Vegmerking á Bæjaröxl norðan Grímsstaða verði löguð og veiti nauðsynlegar upplýsingar fyrir vegfarendur. Einnig þarf að merkja áningarstað á sama stað.
- Merkja áningarstað á Þjóðvegi 87 á Sandvatnsbrekku neðri.
- Athuga sérstakar merkingar á upplýsingarskiltum við Dalborg, á Námafjalli og á Skjólbrekku við afleggjarann að Stöng.
- Á upplýsingaskiltum Vegagerðarinnar sé athygli ökumanna vakin á mikilli gangandi og hjólandi umferð á sumrin og þeir hvattir til að sýna henni tillitssemi.
- Snjómokstur, Hverarönd – Höfði – Dimmuborgir – nýr Dettifossvegur.
- Hjóla- og göngustígur kringum Mývatn.
- Lagfæring á vegi að Dimmuborgum.

#### **4. Gildandi skipulagsupprættir.**

Fyrir fundinum liggur listi Skipulagsstofnunar um staðfestar skipulagsáætlanir.

#### **5. Tillaga um deiliskipulag í Reykjahlíð.**

Lagt fram til kynningar bréf frá Péttri Snæbjörnssyni og Guðrúnu M. Valgeirsdóttur þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til gerðar deiliskipulags skv. 38. gr. laga nr. 123/2010. Skipulags- og Umhverfisnefnd lýsir ánægju sinni með framkomna tillögu og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið. Pétur og Guðrún viku af fundi við afgreiðslu málsins.

#### **6. Verklagsreglur við leyfisveitingar. (stöðu-, bygginga- og framkvæmdaleyfi)**

Skipulagsnefnd óskar eftir verklagsreglum frá byggingafulltrúa um leyfisveitingar sem henni ber að veita umsagnir um.

#### **7. Byggingar í niðurníðslu og úrræði við þeim.**

Skipulagsnefnd samþykkir að óska eftir fundi með byggingafulltrúa þar sem að listaðar verða upp niðurníðdar byggingar og til hvaða úrræða hægt er að grípa til að koma málum í betri farveg. Í því ljósti telur nefndin rétt að benda sveitarstjórn á að „hestúsið“ á Hlíðarhaga er í vægast sagt lélegu ástandi og þarfnast annað hvort endurbóta eða niðurrifs áður en að hætta hlýst af.

#### **8. Hitaveita.**

Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að skipuð verði sérstök ráðgefandi nefnd þriggja manna sem fari yfir öll málefni hitaveitunnar þar með talið samningagerð, endurnýjun og framkvæmdir í framtíðinni. Þá óskar Skipulagsnefnd eftir upplýsingum um framgang samningaviðræðna milli hitaveitunnar og landeigenda í Vogum.

#### **9. Umsögn um erindi Landsnets, ósk um breytingu á aðalskipulagi.**

Meðfylgjandi erindi Landsnets er kort sem sýnir aðalskipulagsbreytinguna en hún snýst um breytingu á lagnaleið. Skipulagsnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið og leggur til við sveitarstjórn að jafnframt verði óskað eftir við Landsnet að gerður verði hjóla og göngustígur ofan á lögninni.

**10. Umsögn um erindi Kára Þorgrímssonar, ósk um breytingu á aðalskipulagi.**

Með bréfi óskar Kári Þorgrímsson eftir breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps á þá leið að svæði sem sýnt er á m.f. korti verði breytt í íbúðasvæði.

Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að verða við erindinu.

**11. Umsögn um erindi Héðins Sverrissonar, ósk um stöðuleyfi.**

Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að hafna erindinu á forsendum að verið er að raska svæði sem ekki er búið að samþykkja skv. aðalskipulagi.

**12. Umsögn um erindi frá Mannviti f.h. Þórhalls Kristjánssonar, ósk um stöðuleyfi.**

Skipulagsnefnd minnir á bókun sína frá 21. febrúar sl. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði grendarkynnt. Erindinu frestað þangað til samþykki nágretta liggja fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið.